

Gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu

1. gr.

Upphæð gjalds

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.345.-.

Stuðningur umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu

Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Önnur stuðningsþjónusta, þ.e. stuðningur á dagvinnutíma og stuðningur um kvöld og helgar er endurgjaldslaus.

3. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1. febrúar 2022 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um félagslega heimaþjónustu.